

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hagspá fyrir árin 2009 – 2012	2
Erfið staða heimilanna	4
Samdráttur hjá hinu opinbera	5
Miklar sveiflur í fjárfestingum	7
Viðsnúningur í viðskiptum við útlönd	10
Slæmar horfur á vinnumarkaði	12
Dregur úr verðbólgu	14
Krónan áfram veik	15
Vextir fara lækkandi	16
Hvað er mikil orka eftir?	17



Inngangur

Við höfum orðið fyrir miklu efnahagslegu áfalli og heimilin glíma við margháttaðan vanda. Kaupmáttur dregst saman, gengisfall og verðbólga auka á skuldavandann og atvinnuleysi er mikið og fer vaxandi. Við þessar aðstæður er ekkert annað að gera en að bretta upp ermar og vinna sig út úr vandanum. Komandi ár verða okkur erfið og engar töfralausnir eru til bjargar. Það jákvæða í stöðunni er að við höfum alla burði til þess að vinna okkur hratt út úr erfiðleikunum. Samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ förum við að sjá efnahagsbata þegar á síðari hluta næsta árs. Spáin byggir á þeim forsendum að við tökum með festu á vandanum, snúum vörn í sókn í atvinnumálum og hefjum uppbyggingu til framtíðar eins og verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur, ríkisstjórnin og sveitarfélögin, sammæltust um í sumar með gerð Stöðugleikasáttmálans.

Það skiptir sköpum fyrir okkur að efla trú og traust á íslenskt efnahagslíf. Nú hillir loks undir lok Icesave deilunnar og því má búast við að endurskoðun á efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ljúki senn þannig að lán sjóðsins og vinabjóða til eflingar gjaldeyrisvaraforðanum verði afgreidd. Það ætti að hafa jákvæð áhrif á gengi krónunnar og auðvelda Seðlabankanum að losa um gjaldeyrishöftin og lækka vexti en hvorutveggja er mikilvægt til þess að hjól atvinnulífsins fari að snúast að nýju. Þá skiptir miklu að endurreisn bankanna er langt komin og ljóst er að ríkisstjórnin ætlar að taka með festu á ríkisfjármálunum. Allt er þetta fallið til þess að auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs og er í samræmi við Stöðugleikasáttmálann.

Stöðugleikasáttmállinn lagði einnig línurnar varðandi atvinnuuppbyggingu. Unnið er að ýmsu sem nefnt var í sáttmálanum en nýleg ákvörðun umhverfissráðherra varðandi Suðvesturlínu er mikið bakslag í viðleitni til að auka atvinnu. Í Stöðugleikasáttmálanum var skýrt kveðið á um að ríkisstjórnin ætlaði að greiða götu framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Ákvörðun ráðherrans gengur þvert á sáttmálann og setur fjárfestingar á Suðurnesjum í enn frekara uppnám. Slíkt getur haft umtalsverð áhrif á hagvöxt á komandi árum og valdið auknu atvinnuleysi.


Samkvæmt spá hagdeildar verður atvinnuástandið hvað verst á árunum 2010 og 2011. Það er því mikilvægt að ráðast í bráðaágerðir sem taka með skjóttum hætti á vandanum – en sem jafnframt geta lagt grunn að öflugum hagvexti til lengri tíma. Einkum hljóttum við að horfa til mannaflsfrekra framkvæmda, hvort heldur er á vegum hins opinbera eða tengdar stóriðju. Dragist það þar til efnahagslífið fer að rétta úr kútnum er hætta á að við förum fljótt úr slaka í ofþenslu. Þá er stutt í að við endurtökum hagstjórnarmistök fortíðarinnar. Einnig er mikilvægt að slíkar bráðaágerðir falli vel að heildstæðri stefnu um uppbyggingu samkeppnishæfs og sjálfbærs þekkingarsamfélags þar sem hagsmunir unga fólksins og framtíðarinnar eru settir í öndvegi.



Hagspá fyrir árin 2009-2012

Sú mikla lægð sem gengur yfir íslenskt efnahagslíf nær botni sínum á fyrri hluta næsta árs og fyrir höndum er vinna við að reisa hagkerfið upp að nýju. Mikill samdráttur í landsframleiðslu leiðir til þess að landsmenn hafa minni verðmæti til skiptanna og draga mun tímabundið úr lífskjörum. Heimilin munu áfram draga úr umsvifum sínum, slæmt atvinnuástand, aukin skattheimta og rýrnun bóta minnkar ráðstöfunartekjur og það dregur úr neyslu. Atvinnuástandið verður slæmt og búast má við að atvinnuleysi verði 8-10% næstu árin þótt það lagist heldur undir lok spátímans.

Háar vaxtagreiðslur, mikil útgjöld vegna atvinnuleysis og samdráttur í skatttekjum valda verulegum hallarekstri hjá hinu opinbera. Óhjákvæmilegt er að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til þess að draga úr útgjöldum og auka tekjur þannig jafnvægi komist á í opinberum rekstri á ný. Mikil óvissa ríkir um



marga þætti. Ekki liggur fyrir hvort kjarasamningar verða framlengdir um næstu mánaðamót og óvissa ríkir um mörg fjárfestingarverkefni vegna erfiðleika við fjármögnun og almennrar óvissu um þróun efnahagsmála. Staða margra fyrirtækja er erfið, mikil skuldsetning, hár vaxtakostnaður og minnkandi eftirspurn veita lítið svigrúm til frekari uppbyggingar á næstunni. Samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja og ferðaþjónustunnar er hins vegar góð.

Verðbólga hjaðnar hratt á næstunni og meiri stöðugleiki verður í verðlagi næstu árin. Gengi krónunnar verður stöðugra en helst áfram veikt þótt það styrkist lítillega undir lok spátímans.

Stýrivextir fara lækkandi og gert er ráð fyrir fremur aðhaldssamri peningastefnu og að slakað verði á gjaldeyrishöftum í áföngum.

Hagdeildin spáir því að landsframleiðsla dragist saman um ríflega 8% í ár. Botninum verði náð á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og efnahagslífið fari þá að rísa að nýju. Landsframleiðsla muni í heildina dragast saman um tæp 3% á árinu 2010 en hagvöxtur verði 2,6% á árinu 2011 og 4% árið 2012.

Gert er ráð fyrir að unnið verði áfram samkvæmt efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og að okkur takist að endurheimta traust á íslenskt efnahagslíf.



Einnig er gengið út frá því í spánni að framkvæmdir við endurbætur á álverinu í Straumsvík hefjist á fyrri hluta næsta árs en töf verði á framkvæmdum í Helguvík og þær fari á fullt skrið á síðari hluta árs 2010. Þá er gert ráð fyrir að 2/3 hlutum af samdrætti í opinberum fjárfestingum verði mætt með því að færa verkefni yfir í einkaframkvæmd.

Verði ekki af stóriðjuframkvæmdum eða einkaframkvæmdum hefur það veruleg áhrif á niðurstöður efnahagssparinnar. Þannig gæti hagvöxtur minnkað um 5 prósentustig á spátímanum ef hvorki verður af byggingu álvers í Helguvík né endurbótum í Straumsvík. Ef hvorki verður af stóriðjuframkvæmdum né einkaframkvæmdum verður hagvöxtur á tímabilinu 6,7 prósentustigum minni en ella.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2008	Áætlun 2009	Spá 2010	Spá 2011	Spá 2012
Einkaneysla	-7,8	-17,4	-3,0	3,7	4,6
Samneysla	4,6	-1,9	-1,3	-1,7	-1,0
Fjármunamyndun	-20,4	-49,4	4,1	42,9	10,4
<i>þar af atvinnuvegir</i>	<i>-25,1</i>	<i>-54,7</i>	<i>28,1</i>	<i>67,7</i>	<i>11,7</i>
<i>þar af húsnæði</i>	<i>-21,8</i>	<i>-49,3</i>	<i>-10,1</i>	<i>-2,5</i>	<i>8,1</i>
<i>þar af hið opinbera</i>	<i>0,8</i>	<i>-32,0</i>	<i>-36,5</i>	<i>-12,9</i>	<i>1,9</i>
Þjófvarútgjöld	-8,6	-20,8	-1,7	8,2	4,4
Útflutningur	7,1	0,9	1,8	1,5	5,3
Innflutningur	-18,3	-29,9	3,8	16,4	6,6
Landsframleiðsla	1,3	-8,1	-2,9	2,6	4,0
Verðbólga ¹	12,4	11,8	3,1	0,9	0,6
Atvinnuleysi ²	1,6	8,2	10,0	9,2	8,2
Gengisvísitala ³	166	221	226	217	208
Viðskiptajöfnuður ⁴	-40,6	-4,7	1,0	-4,3	-4,5

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðisvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla


³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu



Erfið staða heimilanna

Mikið hefur dregið úr umsvifum heimilanna á liðnu ári og horfur á að þau muni enn draga saman seglin næstu misserin. Mikil kaupmáttarrýrnun, slæmt atvinnuástand, aukin greiðslubyrði skulda og mikil óvissa í efnahagsmálum drógu þegar á síðari hluta ársins 2008 umtalsvert úr einkaneyslu. Þessu til viðbótar munu áframhaldandi hækkanir á opinberum álögum, rýrnun bóta og tilfærslna ásamt minnkandi eignatekjum draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna á komandi



árum. Áætlanir gera ráð fyrir allt að fimmtungs samdrætti í einkaneyslu í ár, en aldrei áður á lýðveldistímum hefur einkaneysla dregist jafn mikið saman milli ára.

Þróun liðins árs hefur leitt til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna er nú sambærilegur og árið 2004 og mun að líkindum verða svipaður og fyrir um áratug í lok spátímans. Aukin skuldasöfnun á liðnum árum veldur því að heimilin hafa nú þegar ráðstafað stórum hluta af framtíðartekjum sínum til greiðslna af skuldum sem minnkar getu til kaupa á vörum og þjónustu.

Verðlag hefur frá því í upphafi árs 2008 hækkað mun hraðar en laun og rýrt kaupmátt. Kaupmáttur dagvinnulauna hefur rýrnað um tæplega 8% síðastliðið ár og er nú svipaður og í upphafi árs 2003. Áherslur í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hafa skilað því að hækkanir lægstu launa hafa haldið í við verðlag og kaupmáttur þeirra aukist lítilllega þrátt fyrir erfiða stöðu á vinnumarkaði.

Þótt verðlag verði stöðugra og draga fari úr kaupmáttarrýrnun á fyrri hluta næsta árs er ljóst að þær tekjur sem heimilin hafa til ráðstöfunar munu halda áfram að rýrna. Útlit er fyrir að atvinnuleysi verði mikið allt spátímabilið og vísbendingar eru um dragi úr atvinnuþátttöku og vinnutími styttest. Þegar hafa verið boðaðar hækkanir á tekjusköttum einstaklinga, lækkanir á bótum almannatrygginga og barna- og vaxtabótum sem lækka munu ráðstöfunartekjur heimilanna. Með hliðsjón af slæmri stöðu hins opinbera eru líkur á því að þetta séu einungis fyrstu skrefin í auknum álögum á heimilin. Mikil skuldasöfnun á liðnum árum veldur því að svigrúm heimilanna til lántöku er lítið sem hefur áhrif á eftirspurn eftir dýrari neysluvörum og bílum. Við aðstæður eins og nú, þegar óvissa er mikil, má búast við að þau heimili sem hafa fjárhagslegt svigrúm nýti það fremur til að auka sparnað og greiða niður skuldir en til aukinnar neyslu. Þá mun fólksfækkun einnig draga úr samanlagðri neysla þjóðarinnar. Á móti þessum þáttum vega aðgerðir sem létta eiga



greiðslubyrði lána, s.s. greiðslujöfnun, lenging lána og heimild til úttektar á séreignarsparnaði.


Hagdeildin áætlar að einkaneysla dragist saman umríflega 17% á þessu ári og um 3% til viðbótar á árinu 2010. Einkaneyslan aukist svo að nýju um 3,7% á árinu 2011 og um 4,6% á árinu 2012.

Samdráttur hjá hinu opinbera

Umskipti hafa orðið í rekstri hins opinbera frá bankahrununu síðastliðið haust. Tekjur hafa á skömmum tíma dregist verulega saman í kjölfar minni umsvifa í efnahagslífinu á sama tíma og útgjöld hafa aukist mikið, aðallega vegna vaxandi atvinnuleysis og hás vaxtakostnaðar. Fyrirséð er að mikill halli verður af rekstri hins opinbera á næstu árum og ekki útlit fyrir viðsnúning fyrr en undir lok spátímans. Nauðsynlegt er að hið opinbera taki nú þegar af festu á hallarekstri sínum og vinni markvisst að því að ná jafnvægi í rekstri. Þótt ljóst sé að þetta verði ekki gert án þess að ráðast í sársaukafullar aðhaldsaðgerðir er slíkt óhjákvæmilegt. Langtíma hallarekstur sem fjármagna þarf með lánsfé grefur undan getur hins opinbera til þess að standa undir velferðarkerfinu til framtíðar þar sem sífellt stærri hluti af skatttekjum fer til greiðslu vaxta. Þessi veika staða dregur úr getu hins opinbera til að beita fjármálum sínum til að örva hagkerfið í þeirri miklu niðursveiflu sem við blasir. Það mun draga úr samneyslu og fjárfestingu hins opinbera þar til á síðari hluta tímabilsins.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að þessi þrönga staða í opinberum

fjármálum muni endurspeglast í samdrætti í samneysluútgjöldum nánast allt spátímabilið. Mest dregur úr samneyslunni í ár eða um 1,9%, um 1,3% á næsta ári, 1,7% á árinu 2011 og um 1% á árinu 2012. Samneysluútgjöld verða þá orðin svipuð og á árinu 2006.



Erfið aðlögun ríkisfjármála

Stjórnvöld hafa í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gert áætlun um hvernig ná skuli niður halla á rekstri ríkissjóðs á næstu fjórum árum með því að auka tekjur ríkissjóðs og draga úr útgjöldum. Samtals þarf á þessu tímabili að ná niður halla sem nemur um 190 milljörðum króna og gert er ráð fyrir að það verði gert til u.þ.b. helminga með lækkun útgjalda og aukinni tekjuöflun. Áætlunin gerir ráð fyrir að þegar á árinu 2011 verði sk. frumjöfnuður ríkissjóðs orðinn jákvæður, þ.e. jöfnuður að undanskildum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, eða með öðrum orðum að regluleg



starfsemi ríkisins standi þá undir sér og valdi ekki frekari skuldasöfnun. Gangi efnahagsáætlunin eftir verður afgangur af rekstri ríkissjóðs á ný á árinu 2013. Til þess að setja aðlögunarþörf ríkissjóðs á næstu árum í samhengi má nefna að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld ársins verði um 555 milljarðar króna og heildartekjur um 468 milljarðar.

Helstu skattstofnar ríkisins hafa dregist mikið saman undanfarið ár og tekjur ríkissjóðs minnkað verulega. Á sama tíma aukast útgjöld ríkisins vegna atvinnuleysis mikið en það sem einkum veldur ríkissjóði þungum búsigjum á næstu árum eru háar vaxtagreiðslur vegna aukinnar skuldsetningar í kjölfar bankahrunsins. Ríkissjóður þarf því ekki einungis að laga sig að minni tekjum og auknum útgjöldum eins og eðlilegt er í niðursveiflum heldur þarf hann því til viðbótar að standa straum af vaxtagreiðslum sem nema tæpum fimmtungi af öllum útgjöldum ríkissjóðs á næstu árum. Til þess að mæta þessu var gripið til aðhaldsaðgerða og aukinnar tekjuöflunar á liðnu sumri. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 eru boðaðar umtalsverðar skattahækkningar á launa- og fjármagnstekjur, auknar opinberar álögur á neysluvörur og ný orku- umhverfis- og auðlindagjöld hafa einnig verið boðuð. Jafnframt verður dregið saman í rekstri ríkisins og bætur almannatrygginga lækkaðar. Auk þessa mun ríkið á næstu árum draga til muna úr öllum útgjöldum til viðhalds og nýframkvæmda en ráðgert er að mæta þeim samdrætti að hluta með tilfærslu verkefna yfir í einkaframkvæmd.


Sveitarfélögin aðþrengd

Líkt og hjá ríkinu hefur helsti tekjustofn sveitarfélaganna dregist mikið saman og útsvarstekjur þeirra lækkað mikið undanfarið ár. Allt útlit er fyrir að áframhald verði á þeirri þróun. Þá hefur lóðasala sem einnig var stór tekjustofn hjá mörgum sveitarfélögum í uppsveiflunni, nú að mestu stöðvast. Á sama tíma hafa útgjöld sveitarfélaganna vegna félagslegrar aðstoðar aukist mikið sem skýrist m.a. af fjölgun þeirra sem eru án atvinnu en eiga ekki bótarétt hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði. Þá hafa útgjöld sveitarfélaga til greiðslu húsaleigubóta aukist vegna aukinnar aðsóknar í leiguhúsnæði að undanfögnu. Þessu til viðbótar hafa mörg sveitarfélög á liðnum árum tekið umtalsverðar fjárhæðir að láni í erlendri mynt og sitja nú uppi með mun hærri fjármagnskostnað og skuldsetningu en áætlanir þeirra gerðu ráð fyrir. Til að mæta þessu þurftu sveitarfélögin að hagræða verulega í rekstri sínum á þessu ári og hækka álögur á íbúa. Fjárhagsáætlanir fyrir komandi ár liggja ekki fyrir en gera má ráð fyrir að grípa þurfi til frekari aðgerða til þess að rétta reksturinn af og að svigrúm til aukinnar lántöku til fjárfestinga verði takmarkað a.m.k. næstu tvö til þrjú árin.

Miklar sveiflur í fjárfestingum

Verulega hefur dregið úr fjárfestingum í hagkerfinu undanfarin tvö ár. Lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og fullmettur íbúðamarkaður réðu mestu þar um þangað til við bættist bankakreppa, gengisfall, mjög takmarkað aðgengi að erlendu lánsfé, háir vextir og hallarekstur sem takmarkar mjög fjárfestingargetu hins opinbera.

Heildarfjárfestingum í hagkerfinu má skipta í þrjá meginflokka; atvinnuvegafjárfestingu, fjárfestingu í nýju íbúðarhúsnæði og fjárfestingu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt spá hagdeildar dregst heildarfjárfesting saman um næri helming á þessu ári en við áætlum að næstu tvö árin aukist hún að nýju, um 4% árið 2010 og um 43% árið 2011 og er þá gert ráð fyrir að stóriðjuframkvæmdir og verkefni í einkaframkvæmd komist í fullan gang. Umsvif í byggingariðnaði og fjárfesting hins opinbera verða áfram takmörkuð þar til undir lok spátímans.



Óvissa um mörg fjárfestingarverkefni

Mikil óvissa ríkir um mörg fjárfestingarverkefni sem fyrirhuguð eru á næstunni vegna erfiðleika við fjármögnun og almennrar óvissu um þróun efnahagsmála. Staða margra fyrirtækja er erfið, mikil skuldsetning í erlendri mynt, hár vaxtakostnaður og minnkandi eftirspurn veita lítið svigrúm til frekari uppbyggingar á næstunni. Þar að auki má búast við endurskipulagningu í rekstri og fjármálum margra fyrirtækja á næstu mánuðum. Spá okkar gerir ráð fyrir því að farið verði í framkvæmdir við endurbætur á álverinu í Straumsvík á fyrri hluta næsta árs en tafir verði á framkvæmdum við álver í Helguvík og þær fari ekki á fullt skrið fyrr en á síðari hluta næsta árs. Þessum verkefnum munu einnig fylgja framkvæmdir við orkuver sem sjá eiga álverunum fyrir raforku. Enn eru ýmsir þættir óljósir sem geta haft áhrif á þessi framkvæmdaráform, eins og erfiðleikar við fjármögnun, útfærsla á fyrirhuguðum auðlindagjöldum og áhrif af ákvörðun umhverfisráðherra um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat vegna Suðvesturlínu.

Í spánni er einnig gert ráð fyrir því að samdrætti í opinberum fjárfestingum verði mætt að hluta til með því að færa verkefni yfir í einkaframkvæmd sem m.a. lífeyrissjóðir kæmu að fjármögnun á. Slíkt fyrirkomulag mundi halda uppi fjárfestingarstigi og auka atvinnu en ekki hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs. Ef af verður



koma þau verkefni fram í fjárfestingum atvinnuveganna en ekki í fjárfestingum hins opinbera. Gert er ráð fyrir að nokkrar arðsamar framkvæmdir verði fjármagnaðar með þessum hætti og hafa þar helst verið nefnd samgönguverkefni og nýtt háskólasjúkrahús.

Næstu tvö árin má búast við að fjárfestingar atvinnuveganna byggist fyrst og fremst á ofangreindum stóriðjuframkvæmdum og flutningi opinberra verkefna í einkaframkvæmd en að öðru leyti muni fyrirtæki að mestu halda að sér höndum í fjárfestingum. Á þessu ári gerum við ráð fyrir að atvinnuvegafjárfestingin dragist saman um ríflega helming en aukist um 28% á næsta ári. Á árinu 2011 gerum við ráð fyrir að stór einkaframkvæmdaverkefni verði í fullum gangi og samhliða lækkandi vöxtum munu fjárfestingar annarra atvinnuvega einnig aukast, þetta muni skila sér í tæplega 70% aukningu í atvinnuvegafjárfestingu á árinu 2011 og um 12% aukningu á árinu 2012.

Efnahagsleg áhrif framkvæmda

Mikil óvissa ríkir um áformaðar stóriðjuframkvæmdir og einnig er óljóst hvort og hvaða opinber verkefni fara í einkaframkvæmd. Ef hvorki verður af stóriðjuframkvæmdum né einkaframkvæmdum hefur það umtalsverð áhrif á efnahagslífið. Í meðfylgjandi töflu má sjá áhrif þess á hagvöxt ef ekki verður af þessum framkvæmdum. Í

HAGVÖXTUR

töflunni eru birtar upplýsingar um hagvöxt á árunum 2010 – 2012 og þrjú dæmi sýnd ásamt grunnspá hagdeildar. Aftasti dálkur töflunnar sýnir uppsafnaðan hagvöxt á tímabilinu. Í grófum dráttum eru niðurstöðurnar þær að hagvöxtur yrði um 1,6 prósentustigum minni á spátímanum án einkaframkvæmda en í grunnspánni. Ef ekkert verður af stóriðjuframkvæmdum en einkaframkvæmdir ganga eftir minnkar hagvöxturinn um 5 prósentustig frá grunnspá. Ef hvorki verður af stóriðjuframkvæmdum né einkaframkvæmdum verður frávikið frá grunnspánni enn meira og hagvöxtur verður 6,7 prósentustigum minni en ella.

	2010	2011	2012	'10-'12
Grunnspá	-2,9	2,6	4,0	3,7
Án einkaframkvæmda	-3,5	1,8	3,9	2,1
Án stóriðjuframkvæmda	-4,6	0,7	2,7	-1,3
Án stóriðju- og einkaframkvæmda	-5,4	-0,4	2,8	-3,0



Lítið byggt af íbúðarhúsnæði næstu árin

Staðan á íbúðamarkaði verður erfið næstu ár og húsnæði mun áfram lækka í verði. Í uppsveiflu undanfarinna ára var byggt mun meira af nýju húsnæði en þörf var á og miklar birgðir af óseldu húsnæði hafa safnast upp. Erfið staða heimilanna, minnkandi ráðstöfunartekjur, háir vextir og mikil óvissa draga á sama tíma úr eftirspurn eftir húsnæði. Miðað við þann fjölda íbúða sem til eru óseldar á markaði og líklega íbúápróun næstu ára má ætla að lítið sem ekkert þurfi að byggja af nýju húsnæði næstu tvö til þrjú árin. Nokkur vandi hefur verið að meta raunverulega verðþróun á húsnæði undanfarið þar sem stór hluti kaupsamninga byggja á makaskiptum með húsnæði og tilhneiging er í slíkum viðskiptum að halda uppi verði til þess að auka lánamöguleika. Íbúðaverð hefur lækkað um ríflega fjórðungað raunvirði frá því það var hæst á haustmánuðum 2007 og búast má við áframhaldandi lækkun næstu misserin. Við spáum því að íbúðaverð lækki um ríflega 10% að raunvirði til viðbótar, þar til lágmarkinu verður náð í upphafi árs 2012.

Hagdeildin spáir því að fjárfestingar í nýju íbúðarhúsnæði dragist saman um helming á þessu ári og enn um 10% á næsta ári og um 2,5% á árinu 2011. Árið 2012 aukast íbúðafjárfestingar á ný og vaxa þá um 8%.

Ríki og sveitarfélög draga saman fjárfestingar

Draga mun verulega úr fjárfestingum ríkis og sveitarfélaga næstu tvö árin vegna slæmrar fjárhagsstöðu og lítilla möguleika á frekari lántökum til nýrra framkvæmda. Aðhaldsaðgerðir ríkisins miðast við að dregið verði úr framkvæmdum á þessu ári um 4,4 milljarða króna sem einkum er samdráttur í vegaframkvæmdum. Á næsta ári verður dregið úr fjárfestinum hjá ríkinu um 14 milljarða sem skýrist að mestu af lækkuðum framlögum til samgöngumála. Sveitarfélögin hafa á þessu ári frestað mörgum fyrirhuguðum framkvæmdum og slæm fjárhagsstaða þeirra gefur ekki tilefni til annars en að ætla að litlar framkvæmdir verði á þeirra vegum næstu tvö árin.

Búast má við því að í heildina dragist fjárfestingar hins opinbera saman um tæplega þriðjung á þessu ári sem skýrist að mestu af samdrætti hjá sveitarfélögunum. Á næsta ári verður niðurskurður til fjárfestinga verulegur bæði hjá ríki og sveitarfélögum og í heildina áætluð við tæplega 37% samdrátt á árinu. Á árinu 2011 mun ríkið enn draga saman fjárfestingar sínar en litlar breytingar verða hjá sveitarfélögunum, samtals mun fjárfesting opinberra aðila dragast saman um 13% það ár. Til að vega upp á móti þessum samdrætti að hluta er gert ráð fyrir að ráðist verði í einkaframkvæmdir. Árið 2012 gerum við ráð fyrir að fjárhagsstaða hins opinbera fari batnandi og þá aukist fjárfesting lítillega, eða um 2%.



Viðsnúningur í viðskiptum við útlönd


Mikill viðsnúningur hefur orðið á utanríkisviðskiptum síðustu misseri, einkum á viðskiptum með vörur og þjónustu. Má að mestu rekja það til samdráttar í innflutningi vegna minnkandi neyslu og fjárfestinga, en ekki síður til lítils kaupmáttar íslensku krónunnar erlendis.

Innflutningur eykst á ný

Innflutningur dróst hratt saman í kjölfar efnahagshrunsins sl. haust. Samdráttur í einkaneyslu og lítill innflutningur á fjárfestingarvörum veldur því að áfram verður þriðjungs samdráttur í innflutningi á þessu ári en við gerum ráð fyrir að innflutningur aukast á ný um tæp 4% þegar stóriðjuframkvæmdir fara á skrið á næsta ári.

Fjárfestingarvörur munu halda uppi innflutningi næstu tvö árin á meðan minna verður flutt inn af dýrari neysluvörum og bílum en undanfarin ár. Innflutningur á neyslu-

vörum mun síðan aukast samhliða auknum kaupmætti á síðari hluta spátímans. Á árinu 2011 áætluð við að innflutningur aukist um rúm 16% og enn um 6,6% á árinu 2012.



Hægfara vöxtur útflutnings

Samdráttur í efnahagslífi heimsins hefur dregið úr eftirspurn eftir vörum og þjónustu í viðskiptalöndum okkar undanfarin misseri. Þótt búist sé við því að heimskreppan sé nú í rénun verður efnahagsbatinn hægur, einkum í Evrópu sem er helsta viðskiptasvæði okkar. Minnkandi eftirspurn hefur valdið verðfalli á helstu útflutningsvörum þjóðarinnar og hefur ál t.a.m lækkað í verði um 30% á erlendum mörkuðum og sjávarafurðir um 14% á síðustu 12 mánuðum. Veik staða íslensku krónunnar gerir það hins vegar að verkum að meira fæst fyrir útflutninginn í krónum talið, þannig hefur verð sjávarafurða í krónum hækkað um 30% frá sama tíma í fyrra en verð á áli hefur lækkað svo mikið erlendis að þrátt fyrir lágt gengi hefur verð í íslenskum krónum lækkað um 2% síðastliðið ár.




Veik staða krónunnar styrkir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og staða margra útflutningsfyrirtækja er góð um þessar mundir. Ýmis minni útflutningsfyrirtæki, t.d. í tæknigeiranum og fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem hafa átt erfitt uppdráttar undanfarin ár eru nú í sterkri stöðu og dafna vel. Óljóst er hver verðþróun á áli og sjávarfangi verður á næstu mánuðum, það ræðst af þróun efnahagsmála í heiminum en við gerum ráð fyrir því að verð fari heldur hækkandi á alþjóðamörkuðum.

Framleiðsla á áli hefur aukist um 12% á þessu ári og hlutur áls í útflutningstekjum þjóðarinnar er nú orðin um 35% og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Mikið verðfall á áli gerir það hins vegar að verkum, að þrátt fyrir að meira magn af áli sé flutt út í ár en í fyrra, hefur verðmæti útflutningsins minnkað. Spáin gerir ráð fyrir því að framleiðsla í fyrsta áfanga nýs álvers í Helguvík hefjist um mitt ár 2012 og þá aukist álframleiðsla um 10%.

Á þessu ári gerum við ráð fyrir að útflutningur á sjávarafurðum dragist lítillega saman en tekjur af ferðaþjónustu aukist á mótí þannig að í heildina aukist útflutningur um tæpleg 1%. Næstu tvö árin eykst útflutningur


1,5-2% vegna aukinnar eftirspurnar erlendis og bættrar samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna og ferðaþjónustunnar. Á árinu 2012 eykst útflutningur um ríflega 5% vegna aukinnar álframleiðslu.





Mikill bati í viðskiptajöfnuði

Viðskiptajöfnuður fer batnandi eftir mikinn halla undanfarin ár. Viðskiptajöfnuði má skipta í vöru- og þjónustujöfnuð og þáttatekjujöfnuð. Í fyrra mældist viðskiptahallinn ríflega 40% þrátt fyrir að mjög hafi dregið úr innflutningi á vörum og þjónustu. Þetta skýrist af háum vaxtagreiðslum til útlanda, sem eru hluti af þáttatekjujöfnuði. Áframhaldandi samdráttur í innflutningi neysluvara veldur því að næstu tvö ár verður góður afgangur af viðskiptum með vörur og þjónustu. Vaxtagreiðslur af erlendum lánum eyða hins vegar út þeim afgangi að fullu í ár og að stærstum hluta á næsta



ári. Viðskiptajöfnuður verður þannig neikvæður um 4,7% á þessu ári en batnar á næsta ári þegar 1% afgangur verður af viðskiptum við útlönd. Vaxandi innflutningur samhliða háum vaxtagreiðslum til útlanda veldur því að viðskiptajöfnuður verur neikvæður um u.þ.b. 4% bæði árin 2011 og 2012.

Slæmar horfur á vinnumarkaði

Atvinnuástandið versnaði mikið í kjölfar bankahrunsins sl. haust og á hálfu ári fór atvinnuleysi úr því að vera ríflega 1% í september í fyrra, í um 9% þegar mest var á vormánuðum. Þetta er mesta atvinnuleysi sem um getur á síðari tímum á íslenskum vinnumarkaði. Þó heldur hafi dregið úr atvinnuleysinu yfir sumarmánuðina og atvinnuleysi nú í september mælst ríflega 7% má búast við að ástandið versni að nýju þegar líða tekur á veturinn. Að jafnaði dregur úr árstíðabundnum framkvæmdum að hausti og störfum í ferðaþjónustu fækka einnig yfir vetrartímam auk þess sem útlit er fyrir að hið opinbera kunní að segja upp starfsfólki í sparnaðarskygni á næstunni. Samkvæmt nýrri könnun SA um atvinnuhorfur hyggst um fjórðungur fyrirtækja fækka starfsfólki á næstu mánuðum en 14% hyggjast hins vegar fjölga fólki. Búast má við að atvinnuleysi verði mikið allt spátímabilið. Það nái hámarki á fyrsta ársfjórðungi 2010 en fari eftir það minnkandi og verður komið niður undir 8% í lok spátímans.

Að jafnaði hafa 14.000-16.000 manns verið á atvinnuleysiskrá hjá Vinnuálastofnun frá því í vor og þar af hafa 2.300-2.600 manns verið starfandi í hlutastörfum. Áhyggjuefni er hversu hratt fjölgar í hópi langtímaatvinnulausra. Um 7.400 manns hafa nú verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur eða ríflega helmingur allra atvinnulausra. Þeim sem verið hafa án atvinnu í ár eða lengur er nú einnig tekið að



fjölga, voru í september ríflega 1.000 manns eða um 7% atvinnulausra og hefur fjölgað úr um 300 manns í upphafi árs sem þá jafngilti um 2% atvinnulausra. Búast má við að enn fjölgi í hópi langtímaatvinnulausra á næstu mánuðum og við slíkar aðstæður er brýnt að fyrir hendi séu virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem styðja við bakið á fólki og efli það í atvinnuleitinni. Í september voru tæp 8% fólks á atvinnuleysisrá skráð til þátttöku í vinnumarkaðsúræðum af einhverju tagi hjá Vinnumálastofnun.

Atvinnuástandið hefur verið nokkuð misjafnt eftir landshlutum og atvinnugreinum. Mest hefur atvinnuleysi verið á Suðurnesjum þar sem 11-12% mannaflans hafa verið án atvinnu í sumar, á höfuðborgarsvæðinu um 9% og á Norðurlandi eystra þar sem 6% mannaflans hefur verið á atvinnuleysisrá í sumar. Minnst atvinnuleysi er á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi þar sem 1-2% mannaflans hefur verið án atvinnu á liðnum mánuðum.

Fyrst eftir bankahrunið var ástandið verst í byggingariðnaði en atvinnuleysi jókst í öðrum greinum þegar líða tók á. Í lok september sl. voru flestir atvinnulausir í verslun (2.417), mannvirkjagerð (2.277), sérfræðiþjónustu, leigustarfssemi og ýmiss konar þjónustu (samtals 1.850). Þrátt fyrir að sjávarútvegur og fiskvinnsla komi til með að standa þokkalega af sér storminn þá er ekki líklegt að þessar greinar muni skila mögum nýjum störfum inn í atvinnulífið. Erfitt er að átta sig á hver heildarþróunin verður í iðnaði. Um afar fjölbreytta starfsemi er að ræða og aðstæður ólíkar milli greina. Veik staða krónunnar ætti að styrkja stöðu útflutningsiðnaðar og greina sem keppa við innflutning. Margar iðngreinar eru aftur á móti nátengdar mannvirkjagerð og byggingariðnaði og standa illa í ljósi þess snarpa samdráttar sem þar hefur orðið. Til lengri tíma litið mun endurreisn atvinnulífsins og fjölgun nýrra starfa að verulegu leyti hvíla á öflugri starfsemi sprotafyrirtækja og nýsköpun.

Framan af fyrra vetri var atvinnuleysi talsvert meira meðal karla en kvenna einkum vegna slæmrar stöðu í byggingariðnaði. Mjög hefur hins vegar dregið saman með kynjunum á undanföllum mánuðum þegar dregið hefur úr atvinnuleysi meðal karla en það aukist í hópi kvenna. Líkur eru til þess að atvinnuleysi muni aukast að nýju hjá körlum þegar dregur úr framkvæmdum í vetur en að sama skapi er mikil óvissa um störf í ýmsum þjónustugreinum, t.d. hjá hinu opinbera þar sem konur eru fjölmennar.

Atvinnuleysi er lang mest í hópi þeirra sem ekki hafa aðra menntun en grunnskólamenntun en ríflega helmingur allra atvinnulausra er í þessum hópi. Atvinnuleysi hefur einnig verið hlutfallslega meira í yngstu aldurshópunum. Tæpur helmingur atvinnulausra er fólk undir 35 ára aldri og um fimmtungur er yngri en 25 ára.


Breytingar á efnahagsástandi endurspeglast í ýmsum myndum á vinnumarkaði t.d. er ekki óalgengt þegar atvinnuástand versnar að yngra fólk dragi sig út af vinnumarkaði og fari frekar í nám og sömuleiðis að fleira fólk flytjist úr landi í leit að nýjum tækifærum. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar hefur dregið nokkuð úr atvinnuþátttöku á liðnu ári. Atvinnuþátttaka á þriðja ársfjórðungi þessa árs var ríflega 82% og hafði þá dregist saman um 1,6 prósentustig frá sama tíma í



fyrri. Atvinnuþátttaka karla hefur minnkað mun meira en kvenna og einnig hefur þátttaka ungs fólk á vinnumarkaði dregist meira saman en þeirra sem eldri eru. Á þriðja ársfjórðungi þessa árs voru 182.500 manns á vinnumarkaði og hefur fækkað um 6.000 manns síðastliðið ár. Á sama tíma hefur þeim sem eru í hlutastarfi fjölgað um ríflega 5.000 manns eða úr um 17% vinnuafslins í ríflega 20% og meðalvinnutími hefur styst um 2,7 stundir á viku, úr 43,6 stundum í 40,9 stundir.

Hagdeildin áætlar að atvinnuleysi verði hátt allt spátímabilið. Á þessu ári verði atvinnuleysi að meðaltali 8,2%, á næsta ári tæp 10% og 9,2% á árinu 2011. Eftir það fer atvinnuástandið hægt batnandi þótt atvinnuleysi verði enn hátt, eða um 8% á árinu 2012.

Atvinnuleysi



Dregur úr verðbólgu


Gengisfall krónunnar í fyrra olli miklum hækkunum á verðlagi og verðbólga hefur undanfarið ár verið sú mesta síðan árið 1990. Verðbólga er meiri en spár gerðu ráð fyrir á fyrri hluta ársins sem skýrist af því að gengið er veikara en búist var við og opinberar álögur á neysluvörur hafa hækkað. Hagdeildin áætlar að áhrifin af gengislækkuninni séu að mestu komin fram í verðlagi og verðbólga muni á næstu mánuðum ganga hratt niður.

Minni kaupmáttur endurspeglast nú í minnkandi eftirspurn og dregur úr hvata fyrirtækja til þess að hækka verð á vörum

og þjónustu. Þrátt fyrir að gengi krónunnar verði áfram veikt gerum við ráð fyrir meiri stöðugleika í gengismálum næstu misserin sem sömuleiðis dregur úr sveiflum á verðlagi. Þegar líða tekur á spátímamann gerum við ráð fyrir að styrking krónunnar skili sér lægra í verðlagi og búast má við að umframframboð á fasteignamarkaði

Verðbólga

12 mánaða verðbólga ársfjórðungsmeðaltöl




muni á næstu árum áfram lækka verð á íbúðarhúsnæði og draga úr verðbólgu. Á móti kemur að boðaðar hafa verið hækkanir á sköttum og opinberum gjöldum á neysluvörur og líkur eru til þess að opinberir aðilar muni einnig hækka gjaldskrár sínar fyrir ýmsa þjónustu, sem hvorutveggja mun skila sér út í verðlag.

Leiða má að því líkur að við aðstæður eins og nú ríkja, þegar kaupmáttur minnkar og heimilin þurfa að verja stærri hluta tekna sinna til kaupa á daglegum nauðsynjavörum, að breytingar á gengi krónunnar muni skila sér hraðar út í verðlag en verið hefur. Þetta skýrist af því að vægi vara með mikinn veltuhraða, eins og t.d. matvara, eykst í innflutningnum þegar minna er flutt inn af dýrari vörum eins og bílum og heimilistækjum sem jafnan hafa hægari veltu og tregbreytanlegri verð.

Hagdeildin áætlar að verðbólga verði að meðaltali 11,8% á yfirstandandi ári en verði í árslok komin niður undir 6%. Á næsta ári hækki verðlag um 3% en á árinu 2011 og 2012 breytist verðlag lítið eða innan við 1% hvort ár.

Krónan áfram veik

Krónan hefur þrátt fyrir höft á gjaldeyrisviðskiptum og skilaskyldu á gjaldeyrisverði mjög veik allt síðastliðið ár og spá hagdeildar miðar við að gengið verði áfram veikt næstu árin. Gengið er út frá því að gjaldeyrishöftum verði aflétt í áföngum á tímabilinu og það muni, einkum á næsta ári, leiða til þess að gengið veikist tímabundið. Gangi efnahagsáætlun stjórnvalda eftir og takist að skapa aukinn trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf á ný gerum við ráð fyrir að krónan muni heldur styrkjast á síðari hluta spátímans og gengisvísitalan verði þá í kringum 207 stig.





Vextir fara lækkandi

Seðlabankinn hefur frá hrúni bankakerfisins í fyrra haft gengisstöðugleika sem aðal markmið sitt. Til að styðja við það markmið hefur bankinn haldið stýrivöxtum háum samhliða höftum á gjaldeyrsviðskiptum. Í ágúst sl. var sett var fram áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta sem gerir ráð fyrir að fyrsta skrefið í þá átt verði stigið nú í nóvember þegar ráðgert er að aflétta hömlum af inn streymi erlends gjaldeyris til nýrra fjárfestinga. Óljóst er hvenær næstu skref verða tekin í afléttingu haftanna en miðað er við að það gerist eftir því sem aðstæður leyfa þannig að stöðugleika krónunnar verði ekki teflt í tvísýnu. Spá hagdeildar byggir á því að Seðlabankinn muni áfram beita fremur aðhaldssamri peningastefnu

Hagdeildin reiknar með að stýrivextir verði að meðaltali 13% á þessu ári en verði í árslok komnir niður undir 9%. Á næsta ári verði stýrivextir að meðaltali um 8% og á árunum 2011 og 2012 í kringum 7%.



Hvað er mikil orka eftir?

Mat á umfangi orkulinda okkar er háð ýmsum óvissuþáttum er m.a. lúta að tækni, hagkvæmni og umhverfissjónarmiðum. Að teknu tilliti til tækni og hagkvæmni má gróflega ætla að nýtanlegt afl til raforkuvinnslu hér á landi sé í kringum 60.000 GWh á ári. Þegar búið er að taka tillit til þess sem ásættanlegt er að virkja út frá umhverfissjónarmiðum er enn minna eftir.

Hve mikla orku erum við að nýta núna?

Árið 2007 nam raforkuvinnsla innanlands um 12.000 GWh. Þar af komu um 70% vinnslunnar frá vatnsorkuverum og 30% frá jarðvarmavirkjunum. Að þessum tölum gefnum, hafa Íslendingar beislað sem nemur um 20% af nýtanlegri endurnýjanlegri orku í landinu og jafnvel enn hærra hlutfall ef gert er ráð fyrir að ríkt tillit verði tekið til umhverfissjónarmiða í framtíðinni.

Hve mikla orku höfum við til næstu ára?

Markmið *Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma* er m.a. að meta og forgangsraða á faglegan og hlutlægan hátt vernd og nýtingu þess orkuforða sem enn er óbeislaður. Ráðstöfun hluta hins óbeislaða afls er reyndar óháð niðurstöðu áætlunarinnar, þ.e. virkjanakostir sem þegar hefur verið gefið út rannsóknar- og nýtingarleyfi fyrir og/eða þeir sem ekki fara inn á óraskað landsvæði. Þetta er einmitt sú viðbótarorka (virkjunarkostir) sem gæti verið til ráðstöfunar næstu 5-10 árin, samtals um 12.000 GWh, þ.e. jafnmikil raforka og við nýtum í dag.

Í töflunum hér að neðan er yfirlit um þessa virkjunarkosti svo og ýmsa notkunarkosti sem hugsanlega gætu tengst þeim. Tekið skal fram að veruleg óvissa ríkir um marga þætti þessara framkvæmda og í sumum tilfellum er nauðsynlegt að gefa sér forsendur. Upplýsingarnar í töflunni eru fyrst og fremst settar fram sem viðleitni til að fá gróft yfirlit um stöðuna. Tímasetningar miðast við fyrstu mögulegu gangsetningu virkjana/iðjuvera.



VIRKJUNARKOSTIR Í ÁÆTLAÐRI TÍMARÖÐ

Virkjunarkostir	Aðili	Staður	Afl (MW)	Upp- safnað afl (MW)	Gang- setning	Ráðstöfun orku	Staða
Búðarhálsvirkjun	LV	SV-land	80	80	2010	Straumsvík	****
Reykjanesvirkjun 2	HS	SV-land	50	130	2010	Helguvík	***
Hellisheiði 4	OR	SV-land	45	175	2010	Grundartangi	****
Hellisheiði 5	OR	SV-land	45	220	2010	Helguvík	****
Holtavirkjun	LV	SV-land	50	270	2011	Óráðstafað	***
Reykjanesvirkjun 3	HS	SV-land	45	315	2011	Helguvík	***
Hverahlíð	OR	SV-land	90	405	2011	Helguvík	****
Hvammsvirkjun	LV	SV-land	80	485	2012	Óráðstafað	***
Urriðafossvirkjun	LV	SV-land	125	610	2012	Óráðstafað	***
Krísuvík I	HS	SV-land	75	685	2013	Helguvík	**
Eldvörp	HS	SV-land	45	730	2013	Helguvík	**
Gráuhnjúkar	OR	SV-land	45	775	2013	Helguvík	**
Þeistareykir 1	ÞR	NA-land	45	820	2014	NV land	**
Bjarnarflag 1	LV	NA-land	45	865	2014	NV land	***
Skafatá	HS	SA-land	130	995	2014	Óráðstafað	*
Þeistareykir 2	ÞR	NA-land	45	1.040	2015	NV land	**
Þeistareykir 3	ÞR	NA-land	45	1.085	2015	NV land	**
Bjarnarflag 2	LV	NA-land	45	1.130	2015	NV land	***
Krafla II 1	LV	NA-land	45	1.175	2015	NV land	**
Bitra	OR	SV-land	113	1.288	2015	Óráðstafað	***
Krísuvík II	HS	SV-land	75	1.363	2015	Helguvík	*
Krísuvík III	HS	SV-land	75	1.438	2015	Helguvík	*
Krafla II 2	LV	NA-land	45	1.483	2016	NV land	**
Krafla II 3	LV	NA-land	45	1.528	2016	NV land	**
Gjástykki 1	LV	NA-land	40	1.568	2016	NV land	*
Gjástykki 2	LV	NA-land	40	1.608	2016	NV land	*
Trölladyngja	HS	SV-land	50	1.658	2017	Helguvík	*

Samtals

1.658

Skýringar:

- * Áhugi fyrir hendi, unnið að frumrannsóknunum
- ** Frumrannsóknunum lokið (áhugi enn fyrir hendi, orka líklega fyrir hendi), unnið að umhverfismati og leyfum
- *** Umhverfismat komið /eða þarf ekki, unnið að leyfum, framkvæmdir jafnvel hafnar
- **** Leyfi komin, framkvæmdir jafnvel komnar langt á skrið, unnið að fjármögnun

Ferli stórframkvæmda

Uppbygging iðjuvera felur í sér mikil inngrip í umhverfið. Það er því ekki skrítið að um slíkar framkvæmdir gildi strangar verklagsreglur. Fyrsta skrefið er gjarnan að athuga hvort næg orka sé fyrir hendi. Ef svo er ekki kann að vera nauðsynlegt að fara út í sérstakar orkuframkvæmdir en til þess þarf að afla bæði rannsókn- og virkjanaleyfa hjá Orkustofnun auk þess sem semja þarf við landeigendur um nýtingu vatns/jarðhita. Eftir að frumathugunum er lokið tekur alla jafna við umhverfismat. Framkvæmdaraðilinn vinnur þá matsskýrslu sem lýsir áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið svo og mótvægisáðgerðum þar sem það á við. Almennigur getur haft áhrif á framvindu mála með því að leggja fram athugasemdir. Það er ekki fyrr en eftir að Skipulagsstofnun hefur gefið rökstutt álit sitt á matsskýrslunni að viðkomandi sveitarfélög geta gefið út framkvæmdar- og byggingarleyfi svo og önnur tilskilin leyfi. Síðasta skrefið áður en til framkvæmda kemur er gjarnan að ganga endanlega frá fjármögnun.

NOTKUNARKOSTIR Í ÁÆTLAÐRI TÍMARÖÐ

Notkunarkostir	Aðili	Staður	Afl (MW)	Upp- safnað afl (MW)	Gang- setning	Ráðstöfun orku	Staða
Pappírsverksmiðja	Icelandic Paper	Hellisheiði	10	10	2010	OR (affallsvatn frá Hellisheiði)	***
Gagnaver I (1)	Verne Holding	Miðnesheiði	25	35	2010	LV (úr nh/Pjósá)	***
Gagnaver II (1)	Greenstone	Blönduós	50	85	2011	LV (drög að samkomulagi)	**
Sólarkísill I	Tomahawk/ISC	Helguvík	60	145	2011	HS (30 MW), OR (?)	***
Koltrefjaverksmiðja	UB koltrefja ehf	Sauðárkrókur	10	155	2011	Óljóst	**
Gagnaver I (2)	Verne Holding	Miðnesheiði	25	180	2011	LV (möguleiki á +25 MW)	***
Helguvík (1)	Norðurál	Helguvík	156	336	2012	HS, OR	****
Gagnaver II (2)	Greenstone	Blönduós	70	406	2012	LV (drög að samkomulagi)	**
Sólarkísill II (1)	BPI/Strokkur	Þorlákshöfn?	50	456	2012	LV (viljayfirlýsing)	**
Stráumsvík, stækkun	RTA	Stáumsvík	75	531	2013	LV (Búðarháls)	****
Helguvík (2)	Norðurál	Helguvík	156	687	2013	HS, OR	****
Helguvík (3)	Norðurál	Helguvík	156	843	2015	HS, OR (rannsóknir í gangi)	***
Bakki (1)	Alcoa	Bakki	300	1.143	2015	LV, Þeystareykir (rannsóknir í gangi)	**
Helguvík (4)	Norðurál	Helguvík	156	1.299	2016	HS, OR (rannsóknir í gangi)	***
Bakki (2)	Alcoa	Bakki	300	1.599	2016	LV, Þeystareykir (rannsóknir í gangi)	**
Grundartangi, stækkun	Norðurál	Grundartangi	40	1.639	?	OR (Hellisheiði)	*
Sólarkísill II (2)	BPI/Strokkur	Þorlákshöfn?	50	1.689	?	LV (viljayfirlýsing)	**
Sólarkísill III	Elkem	Grundartangi	100	1.789	?	Ekki búið að tryggja orku	*
Aflþynnuv, stækkun	Becromal	Akureyri	75	1.864	?	LV (drög að samkomulagi)	*
Samtals				1.864			

Skýringar:

- * Ahugi fyrir hendi, unnið að frumrannsóknum
- ** Frumrannsóknum lokið (áhugi enn fyrir hendi, orka líklega fyrir hendi), unnið að umhverfismati og leyfum
- *** Umhverfismat komið /eða þarf ekki, unnið að leyfum, framkvæmdir jafnvel hafnar
- **** Leyfi komin, framkvæmdir jafnvel komnar langt á skrið, unnið að fjármögnun

Helstu niðurstöður

- Þrátt fyrir að allir virkjunarkostir gengu eftir (1.658 MW) án tafa þá væri ekki til næg orka fyrir alla notkunarkostina sem eru til umræðu (1.864 MW).
- Umframeftirspurnin er í raun enn meiri en þessar tölur gefa til kynna þar sem í töflunni er ekki gert ráð fyrir aukningu í almennri orkunotkun.
- Þegar það er einnig haft í huga að orkurannsóknir á Krísuvíkursvæðinu og á háhitasvæðinu á Norðausturlandi eru ekki mjög langt komnar, og ennfremur að ýmsir virkjunarkostir eins og í Skaftá kunna að vera umdeildir, má ljóst vera að sú viðbótarorka sem við höfum til næstu ára er takmörkuð.
- Það er því nauðsynlegt að forgangsraða orkufrekum framkvæmdum.